

STÆR2RT05

Rúmfræði, tölfræði og verslunarreikningur

Í áfanganum verður farið í verslunarreikning (jöfnur, hlutfalla-, prósentu og vaxtareikning, grunnþætti tölfræði (tíðni og gröf, miðsækni og dreifingu). Grundvallarhugtök og reglur í evklíðskri rúmfræði. Mælingar í rúmfræði og mikilvægi nákvæmni.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum og reglum í evklíðskri rúmfræði
- hlutfallshugtakinu og kunni að skipta stærðum í hlutföllum.
- kunni skilgreiningu á prósentum og geti leyst öll algeng dæmi í prósentureikningi, þ.m.t. útreikning á virðisaukaskatti og samsettar prósentur, t.d. einfalda vaxtavexti, keðjuálagningu og keðjuafslátt. Meðferð, úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Framsetningu gagna í tíðnitöflum og myndrænni framsetningu þeirra.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með flóknari jöfnur af fyrsta stigi.
- leysa flóknari dæmi í prósentu- og vaxtareikningi.
- túlkun tölulegra upplýsingar, myndrænni framsetningu upplýsinga, mismunandi aðferðum til að lýsa dreifingu og misækni gagna
- leysa rúmfræðileg verkefni og beita reglum sem um þau gilda
- beita fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna og rætt niðurstöður og aðferðir.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka ákvarðanir í sértækum verkefnum er lúta að efni áfangans
- leysa reikningsdæmi sem tengjast daglegu lífi og starfi
- vinna með hlutföll og prósentur
- greina tölfræðileg gögn sem m.a. birtast í fjölmiðlum
- beita efni áfangans á ný í frekara námi

Námsmat:

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Vinna nemenda í kennslustundum er metin, lögð eru fyrir hlutapróf og verkefni.

Leiðbeiningar:

Þessi áfangi inniheldur efni úr STÆ172, STÆ112 og STÆ122 í eldri námskrá